



Samþykkt

Vegna álagningar fasteignaskatts og fráveitugjalds ár hvert skal reikna út afslætti af fasteignaskatti og fráveitugjaldi út frá tekjuviðmiðun skv. síðasta skattframtali. Forsendur þess að umsækjandi geti fengið afslátt af fasteignaskatti er útlitað í 3. grein reglna um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Bláskógabyggð.

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Tekjuviðmiðun til elli- og örorkulífeyrisþega vegna lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds er eftirfarandi fyrir einstakling:

Lækkun		Kr.		Kr.
100%	Einstaklingur með tekjur allt að			4.289.089
80%	Einstaklingur með tekjur frá	4.289.090	til	4.748.632
50%	Einstaklingur með tekjur frá	4.748.633	til	5.251.944
25%	Einstaklingur með tekjur frá	5.251.945	til	5.799.023

(uppreiknað 1. janúar 2021)

Tekjuviðmiðun til elli- og örorkulífeyrisþega í sambúð og með samsköttun:

Lækkun		Kr.		Kr.
100%	Sameiginlegar tekjur allt að			7.409.341
80%	Sameiginlegar tekjur frá	7.409.342	til	8.203.197
50%	Sameiginlegar tekjur frá	8.203.198	til	9.072.661
25%	Sameiginlegar tekjur frá	9.072.662	til	10.017.731

(uppreiknað 1. janúar 2021)

Heimilt er að veita einstakling sem vistaður er á hjúkrunar- eða dvalarheimili, og er með skertan lífeyri til framfærslu af þeim sökum, allt að 100% afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi. Forsenda þess að heimild þessi verði nýtt er að enginn annar búi í umræddu íbúðarhúsi.

Bent skal sérstaklega á að vegna fasteignaskattsálagningar verður að sækja skriflega um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi fyrir 1. maí ár hvert. Umsókninni skal fylgja staðfest skattframtal. Með umsókn öryrkja skal einnig fylgja vottorð um örorkumat.

Ásta Stefánsdóttir
sveitarstjóri Bláskógabyggðar